

Nd.

145. Tillaga

til þingsályktunnar um rannsókn vegarstæðis milli Siglufjarðar og Haganesvíkur.
Flutningsmenn: Jón Sigurðsson, Bernharð Stefánsson og Magnús Gnómnndsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta á næsta

sumri rannsaka akbrautarstæði og gera áætlun um kostnað við akveg milli Siglufjarðar og Haganesvíkur.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt eftir áskorun bæjarstjórnar Siglufjarðar og tilmælum Fljótamanna, og er mikil nauðsyn á fyrir bæði þessi hjeruð að fá greiðari samgöngur á landi en nú er, með því að viðskiftin milli þeirra eru mjög mikil.